



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

12. mars 2018
Tilvísun: 2018030004

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016 (EES-reglur, eftirlitsstofnanir o.fl.), 247. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 2. mars 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016 (EES- reglur, eftirlitsstofnanir o.fl.), 247. mál.

Fjármálaeftirlitið kom að samningu frumvarpsins og styður framgang þess, en vill koma á framfæri tillögu að nýju ákvæði í frumvarpið.


Líkt og fram kemur í 2. hluta greinargerðar frumvarpsins, tilefni og nauðsyn lagasetningar, eru lagðar til breytingar í frumvarpinu sem þykja nauðsynlegar vegna innleiðingar á tilskipun 2009/138/EB. Ákvæði 39. gr. tilskipunarinnar um yfirfærslu váttryggingastofns er innleitt í 34. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Svo virðist sem misfarist hafi að innleiða 6. mgr. 39. gr. varðandi opinberar tilkynningar um yfirfærslu váttryggingastofns þegar váttryggingaráhættan er staðsett er hér á landi. Er því lagt til að málsgrein verði bætt við 34. gr. laga nr. 100/2016, í samræmi við ákvæði 6. mgr. 39. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi tillögu að nýju ákvæði, sem yrði 6. mgr. 34. gr.:

Hyggist váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki, sem hefur stofnsett útibú eða veitir þjónustu hér á landi, yfirfæra váttryggingastofn sinn til annars félags sem hefur fengið starfsleyfi í aðildarríki, gildir ákvæði 3. mgr. um opinberar tilkynningar um flutning á váttryggingastofni sé váttryggingaráhættan hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal láta í té álit sitt innan þriggja mánaða frá því að beiðni um flutninginn barst, ella skal litið svo á að afstaða þess til flutningsins sé jákvæð.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Ragnheiður Morgun Sigurðardóttir